

Fimmtudaginn 4. mars 1993.

Nr. 183/1989. **Protabú Nesco-framleiðslufélags hf.**

(Gestur Jónsson hrl.)

gegn

Íslandsbanka hf.

(Jón G. Briem hrl.).

Gjaldprot. Málamyndagerningur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henryrson og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. maí 1989.

Íslandsbanki hf. hefur tekið við aðild máls þessa, eins og fram kemur hér á eftir.

Fyrir Hæstarétti gerir áfrýjandi þær kröfur:

„að rift verði með dómi greiðslu skuldar Nesco-framleiðslufélags hf. með sjálfskuldarábyrgð Nesco-Kringlunnar hf. til Íslandsbanka hf. (áður Iðnaðarbanka Íslands hf.), að fjárhæð 2.840.600 kr., sem fram fór 30. 10. 1987 með afhendingu þriggja skuldabréfa, að höfuðstól 3.283.208,30 kr.,

að stefndi, Íslandsbanki hf., verði dæmdur til þess að greiða áfrýjanda kr. 2.840.600 með drv. skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. 10. 1987 til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 1.502.334, sem úthlutað var upp í kröfuna úr þrotabúi Nesco-Kringlunnar hf. 29. 01. 1992.

Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.“

Stefndi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en til vara er kröfugerð hans svohljóðandi: „Ef fallist verður á riftunarkröfu áfrýjanda, er krafist lækkunar á greiðslukröfum hans þannig: Höfuðstóll 30.10.1987 verði kr. 1.600.000 með 43,2% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.11.1987, með 45,6% drv. frá þeim degi til 1.12.1987, með 49,2% drv. frá þeim degi til 1.1.1988, með 51,6% drv. frá þeim degi til 1.3.1988, með 45,6% drv. frá þeim degi til 1.5.1988, en 44,4% drv. frá þeim degi af kr. 2.063.561 til 1.7.1988, með 52,8% drv. frá þeim degi til 1.8.1988,

með 56,4% drv. frá þeim degi til 1.9.1988, með 49,2% drv. frá þeim degi til 21.9.1988 (stefnubirtingardagur), með drv. skv. 10. grein laga nr. 25/1987 frá þeim degi til 1.11.1988 og af kr. 2.565.800 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun 29.1.1992, kr. 1.502.334.“

Stefndi krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal yfirlýsing lögmannna aðila 21. febrúar 1993, svohljóðandi:

„1. Íslandsbanki hf. hefur yfirtekið réttindi og skyldur Iðnaðarbanka Íslands hf. og er nú aðili málsins í stað Iðnaðarbanka Íslands hf.

2. Bú Nesco-Kringlunnar hf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði, upp kveðnum í skiptarétti Reykjavíkur 10. ágúst 1989. Frumvarp að úthlutunargerð úr þrotabúinu var lagt fram 6. janúar 1992 og samþykkt þann 21. janúar 1992.

3. Skiptastjóri þrotabús Nesco-Kringlunnar hf. féll frá áfrýjun á dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 9. mars 1989 í málinu nr. 20631/1988 (þetta mál) og samþykkti niðurstöðu dómsins sem almenna kröfu í þrotabúið. Við úthlutun úr búinu þann 29. janúar 1992 voru þrotabúi Nesco-framleiðslufélags hf. greiddar kr. 1.502.334 upp í dómkröfuna.

4. Af skuldabréfi Elínar G. Bieltvedt (ágrip bls.27) greiddust 2 fyrstu gjalddagarnir, þ. e. 1. maí 1988 voru greiddar kr. 463.561 og 1. nóv. 1988 kr. 502.239. Eftirstöðvar skuldabréfsins innheimtust ekki og voru afskrifaðar af Íslandsbanka hf. 30.7.1991.

5. Eftir ákvörðun skiptastjóra þrotabús Nesco-Kringlunnar hf. um að falla frá áfrýjun af hálfu þrotabúsins eru aðilar hæstaréttarmáls nr. 183/1989 annars vegar þb. Nesco-framleiðslufélags hf. sem áfrýjandi og Íslandsbanki hf. sem stefndi.“

Málavextir eru raktir í hinum áfrýjaða dómi.

Bú Nesco-framleiðslufélags hf. var tekið til gjaldþrotaskipta 6. janúar 1988, en hafði hætt starfsemi um mitt ár 1987. Samkvæmt upplýsingum lögmanns áfrýjanda við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti námu skuldir félagsins umfram eignir þá hundruðum milljóna króna. Er ljóst, að stjórnendur félagsins áttu fyrir að vera búnir að gefa bú félagsins upp til gjaldþrotaskipta, sbr. 14. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, og að félagið var komið í fjárþrot,

er stjórnendur þess ákváðu, að það legði fram 90% hlutafjár við stofnun Nesco-Kringlunnar hf., eða 3.600.000 krónur, auk fjárframlaga til tveggja annarra hlutafélaga, er stofnuð voru til að taka við starfsemi Nesco-framleiðslufélags hf.

Við þessar aðstæður voru skuldbindingar af hálfu Nesco-framleiðslufélags hf. lítils virði, og svo reyndist um skuldabréf það, að fjárhæð 2.600.000 krónur, sem Nesco-framleiðslufélag hf. var látið gefa út til greiðslu hlutafjár og mál þetta fjallar um. Má í reynd líta á það sem málamyndagering og einskis virði sem hlutafjárframlag til Nesco-Kringlunnar hf., enda þekktu stjórnendur beggja hlutafélaganna gjörlla, hvernig fjárhagsstöðu Nesco-framleiðslufélags hf. var háttað. Stjórnendur Nesco-Kringlunnar hf. fengu lánafyrirgreiðslu hjá stefnda, og keypti hann skuldabréfið í tengslum við hana, eftir að félagið hafði tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á því, en hún reyndist haldlaus, þegar á reyndi. Varð þá að ráði, að stefndi keypti skuldabréf af Elínu Guðmundsdóttur Bieltvedt, Hermanni Auðunssyni og Láru K. Guðmundsdóttur, sem yfirtóku skuldbindingar Nesco-framleiðslufélags hf. gagnvart Nesco-Kringlunni hf. og leystu þar með til sín fyrrgreint skuldabréf.

Þegar ofangreind málsatvik eru virt í heild, er augljóst, að áfrýjandi hefur ekki orðið fyrir fjárhagslegu tjóni í umræddum viðskiptum, en myndi hins vegar hagnast á kostnað stefnda, ef kröfur áfrýjanda ná fram að ganga. Eins og málinu er háttað samkvæmt framansögðu, eru ekki efni til þess, að ágreiningi aðila verði ráðið til lykta á grundvelli þeirra ákvæða gjaldþrotalaga, sem áfrýjandi ber fyrir sig. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um sýknu stefnda af kröfum áfrýjanda.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Íslandsbanki hf., á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, þrotabús Nesco-framleiðslufélags hf.

Áfrýjandi greiði stefnda 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i

**Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttardómara og
Guðmundar Jónssonar, fyrirverandi hæstaréttardómara.**

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, greiddi Nesco-framleiðslufélag hf. hlutafjárframlag sitt, 3.600.000 krónur, til Nesco-Kringlunnar hf. að hluta, 2.600.000 krónur, með skuldabréfi, sem félagið gaf út. Fyrirsvarsmenn Nesco-Kringlunnar hf. seldu stefnda skuldabréfið, og tókst félagið jafnframt á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslum þess. Hvorugt félagið stóð í upphafi skil á greiðslum af skuldabréfinu, og nam skuldin við stefnda 2.840.000 krónum 30. október 1987.

Við teljum, að leggja beri til grundvallar, að Elín Guðmundsdóttir Bieltvedt, Lára K. Guðmundsdóttir og Hermann Auðunsson hafi keypt umrædd hlutabréf úr hendi Nesco-framleiðslufélags hf. og greitt fyrir þau með skuldabréfum þeim, sem riftunarkrafa áfrýjanda beinist að. Einnig teljum við, að skuldabréf þessi hafi runnið til stefnda sem greiðsla á framangreindu skuldabréfi Nesco-framleiðslufélags hf., sem var í vanskilum í höndum stefnda. Því teljum við, að krafa stefnda um sýknu vegna aðildarskorts eigi ekki við rök að styðjast.

Stefndi krafði Nesco-framleiðslufélag hf. um greiðslu skuldabréfs félagsins. Þá kröfu greiddi félagið með því að afhenda stefnda framangreind skuldabréf, gefin út af þriðja aðila, og komu þau í hendur stefnda 30. október 1987. Sú greiðsla fór fram innan sex mánaða frestsins samkvæmt 1. mgr. 54. gr. laga nr. 6/1978 um gjaldþrotaskipti, sem í gildi voru á þeim tíma. Við teljum, að þarna hafi verið um að ræða greiðslu með óvenjulegum greiðslueyri og því beri að taka riftunarkröfu áfrýjanda til greina.

Fram er komið, að bú Nesco-Kringlunnar hf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 10. ágúst 1989.

Ekki er annað fram komið en að þau Lára K. Guðmundsdóttir og Hermann Auðunsson hafi staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt skuldabréfum þeim, sem þau gáfu út og runnu til stefnda, samtals að fjárhæð 1.600.000 krónur. Þá er fram komið, að stefndi hefur fengið greiddar samtals 965.800 krónur af skuldabréfi því, sem Elín Guðmundsdóttir Bieltvedt gaf út og rann til hans. Eftirstöðvarnar hefur stefndi afskrifað. Nema fjárhæðir

þessar samtals 2.565.800 krónum. Ósannað er, að tjón áfrýjanda vegna framangreindra viðskipta hafi numið hærri fjárhæð, sbr. ákvæði 1. mgr. 62. gr. laga nr. 6/1978. Teljum við, að leggja beri þá fjárhæð til grundvallar fjárkröfu áfrýjanda. Áfrýjandi hefur á grundvelli héraðsdóms í máli þessu fengið greiddar 1.502.334 krónur úr þrotabúi Nesco-Kringlunnar hf.

Samkvæmt þessu teljum við, að dæma beri stefnda til að greiða áfrýjanda 2.565.800 krónur með dráttarvöxtum, allt að frádregnum 1.502.334 krónum, auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. mars 1989.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi fimmtudaginn 2. mars sl., hefur þrotabúi Nesco-framleiðslufélags hf., kt. 480481-0469, Skógarhlíð 6, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 21. september 1988, á hendur Nesco-Kringlunni hf., kt. 480787-1109, Kringlunni 8-12, Reykjavík, og Iðnaðarbanka Íslands, kennitala 650169-3019, Lækjargötu 12, Reykjavík, vegna útibús hans í Garðabæ.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. að rift verði með dómi greiðslu skuldar Nesco-framleiðslufélags hf. með sjálfskuldarábyrgð Nesco-Kringlunnar hf. til Iðnaðarbanka Íslands hf., að fjárhæð 2.840.600 kr., sem fram fór 30. október 1987 með afhendingu þriggja skuldabréfa, að höfuðstól 3.283.208,30 krónur,

2. að stefndu, Iðnaðarbanki Íslands hf. og Nesco-Kringlan hf., verði in solidum dæmdir til þess að greiða stefnanda 2.840.600,00 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum].

3. Krafist er málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands úr hendi stefndu in solidum og þess krafist, að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda Nesco-Kringlunnar hf. eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að viðurkenndur verði með dómi réttur hans til að afhenda stefnanda hlutabréf í Nesco-Kringlunni hf., að fjárhæð 2.840.600,00 kr., gegn greiðslu sömu fjárhæðar auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. október 1987 til greiðsludags. Þá krefst hans þess í báðum tilvikum, að stefnandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda Iðnaðarbanka Íslands hf. eru þær, að hann verði

sýknaður af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Sáttatilaunir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Stefnandi kveður málavexti og önnur atvik vera þau, að með úrskurði, upp kveðnum 6. janúar 1988 í skiptarétti Reykjavíkur, hafi bú Nesco-framleiðslufélags hf., nnr. 6612-0376, verið tekið til gjaldþrotaskipta. Innköllun til kröfuhafa hafi verið birt í Lögbirtingablaði 29. janúar 1988 og kröfulýsingarfresti lokið 29. mars 1988. Fyrsti skiptafundur í þrotabúinu hafi verið haldinn 29. apríl 1988. Á þeim fundi hafi Gestur Jónsson hrl. verið kosinn skiptastjóri þrotabúsins. Á fundinum hafi verið samþykkt heimild til skiptastjórans um að höfða mál til riftunar á greiðslum skulda Nesco-framleiðslufélags hf., teldi hann grundvöll riftunar samkvæmt VIII. kafla gjaldþrotalaga vera fyrir hendi.

Hlutafélagið Nesco-Kringlan hf. hafi verið stofnað 30. júní 1987. Við stofnun þess hafi Nesco-framleiðslufélag hf. lagt fram 90% hlutfjár, 3.600.000,00 kr., þar af 2.600.000,00 kr. með verðtrygghu skuldabréfi. Hið nýja félag hafi stofnað til viðskipta við Iðnaðarbanka Íslands hf., útibúið í Garðabæ. Muni félagið hafa selt bankanum skuldabréfið 1. júlí 1987 og tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess.

Fyrsti gjalddagi skuldabréfsins muni hafa verið 1. október 1987. Hafi skuldabréfið þá þegar lent í vanskilum. Samkvæmt skýslum, meðal annars tveggja fyrrum fyrirvarsmanna hins gjaldþrota félags fyrir skiptarétti, hafi Iðnaðarbankinn hf. þá sett það skilyrði fyrir frekari viðskiptum við Nesco-Kringluna hf., að skuld Nesco-framleiðslufélags hf. við bankann yrði greidd. Muni það hafa verið gert með þeim hætti, að hlutabréf Nesco-framleiðslufélags hf. í Nesco-Kringlunni hf. hafi verið seld Elínu G. Bieltvedt, eiginkonu stjórnarformanns beggja framangreindra félaga, og þeim Hermanni Auðunssyni og Láru K. Guðmundsdóttur, stjórnarmönnum í Nesco-Kringlunni hf. Söluandvirðið, sem gengið hafi til bú síns, það er skuldabréf, að höfuðstól 800.000,00 kr., frá Hermanni Auðunssyni, skuldabréf að sömu fjárhæð frá Láru K. Guðmundsdóttur og skuldabréf frá Elínu G. Bieltvedt, að höfuðstól 1.683.208,30 kr., hafi síðan verið notað til þess að greiða skuld Nesco-framleiðslufélags hf. við Iðnaðarbankann hf. samkvæmt fyrrgreindu skuldabréfi. Mismuni á kaupverði nefndra þriggja skuldabréfa og skulda Nesco-framleiðslufélags hf. muni hafa verið ráðstafað inn á reikning Nesco-Kringlunnar hf. hjá bankanum.

Kaupnóta Iðnaðarbankans hf. vegna skuldabréfs, sem út gefið hafi verið af Elínu, sé dagsett 30. október 1987, en kaupnótur vegna hinna skulda-

bréfanna liggi ekki fyrir. Sé við það miðað í stefnukröfunni, að greiðslan hafi farið fram 30. október 1987. Samkvæmt sundurliðun Láru Guðmundsdóttur á skuldinni 30. október 1987 nam skuldin þann dag stefnufjárhæðinni.

Með bréfum, dagsettum 18. júlí 1988, hafi greiðslu ofangreindrar skuldar verið rift. Engin viðbrögð hafi borist við riftuninni frá stefnda Iðnaðarbanka Íslands hf., en andmæli hafi borist frá Nesco-Kringlunni hf. með bréfi, dagsettu 23. ágúst 1988. Hafi því málishöfðun þessi verið nauðsynleg.

3.0.

Stefnandi kveður málsástæður og lagarök sín vera þau, er nú skal greina:

Á því sé byggt, að báðum stefndu hafi verið kunnugt um yfirvofandi gjaldþrot Nesco-framleiðslufélags hf., þegar greiðsla þess á skuldinni við Iðnaðarbanka Íslands hf. hafi farið fram. Skuldin hafi verið greidd með skuldabréfum á hendur öðrum aðilum, og teljist það óvenjulegur greiðslueyrir úr hendi Nesco-framleiðslufélags hf., sbr. 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Greiðslan hafi farið fram rúmum tveimur mánuðum fyrir frestdag, en hann hafi verið 6. janúar 1988. Á því sé byggt, að Nesco-Kringlan hf. teljist „nákominn“ í skilningi 2. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Krafan um riftun sé reist á hlutlægu riftunarreglunni í 1. tölulíð 54. gr. og huglægu riftunarreglunni í 61. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 62. og 63. gr. laganna.

Tekið sé fram af hálfu stefnanda, að búið muni samþykkja almenna kröfu stefnda Iðnaðarbanka Íslands hf. í búið jafna stefnufjárhæðinni með vöxtum til 6. janúar 1988, náí riftunin fram að ganga.

Krafan á hendur Nesco-Kringlunni hf. sé reist á því, að það félag hafi losnað úr sjálfskuldarábyrgð gagnvart bankanum við greiðslu Nesco-framleiðslufélags hf. til bankans. Í raun snúist mál þetta um þá ráðstöfun fyrrum forráðamanna hins gjaldþrota félags að taka hluta eigna þess, þ. e. andvirði hlutabréfa í Nesco-Laugavegi og Nesco-Kringlunni hf., skömmu fyrir gjaldþrotið og nota til þess að greiða með þeim skuld félagsins við Iðnaðarbanka Íslands hf., sem Nesco-Kringlan hf. hafi borið sjálfskuldarábyrgð á. Við skoðun á þessum ráðstöfunum verði að hafa í huga, að hið gjaldþrota félag hafi verið „nákomnið“ Nesco-Kringlunni hf. í skilningi 2. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Tekið skuli fram, að stjórnarformaður beggja félaganna sé eiginmaður Elínar Bieltvedt, en hún teljist kaupandi hlutabréfa Nesco-framleiðslufélags hf. í Nesco-Kringlunni hf. Verði að hafa það í huga, að allar ráðstafanir fyrrum forsvarsmanna hins gjaldþrota félags með eignir þess hafi haft þann augljósa tilgang að vernda þau félög, sem stofnuð hafi verið af sömu aðilum til þess að taka við rekstrinum.

Í málinu liggi fyrir, að Nesco-framleiðslufélag hf. hafi skuldað stefnda Iðnaðarbanka Íslands hf. samkvæmt skuldabréfi, sem virðist hafa verið út

gefið 1. júlí 1987. Samkvæmt yfirliti stefnda Nesco-Kringlunnar hf. hafi skuldin numið 2.840.600,00 kr. 29. október 1987. Í bréfi stjórnarformanns Nesco-Kringlunnar hf. og fyrrum stjórnarformanns Nesco-framleiðslufélags hf., dagsettu 23. ágúst 1988, komi fram: „... hótaði Iðnaðarbanki Íslands að fara með viðkomandi vanskilafjárskuldbindingu Nesco-framleiðslufélags hf. beint í gjaldþrotaréttinn í október 1987...“

Framburður Láru K. Guðmundsdóttur og Hermanns Auðunssonar, hluthafa og stjórnarmanna í Nesco-Kringlunni hf., fyrir skiptaréttinum sé á þann veg, að stefndi Iðnaðarbankinn hf. hafi sett það sem skilyrði fyrir framhaldi bankaviðskipta við Nesco-Kringluna hf., að Nesco-framleiðslufélag hf. gerði upp skuldir sínar við bankann. Samkvæmt þessu sé á því byggt af hálfu stefnanda, að Iðnaðarbankanum hf. hafi verið kunnugt um slæma greiðslustöðu Nesco-framleiðslufélags hf. í október 1987 og yfirvofandi gjaldþrot þess. Hið sama hafi gilt augljóslega um forsvarsmenn Nesco-Kringlunnar hf. Til þess að tryggja hagsmuni bankans og stöðu Nesco-Kringlunnar hf. hafi verið farin sú leið, sem fram komi af mál-skjölum.

Eign Nesco-framleiðslufélags hf., þ. e. hlutabréfin í Nesco-Kringlunni hf., hafi verið seld og andvirðið notað til þess að gera upp skuldir Nesco-framleiðslufélags hf. Andvirðið hafi verið í formi skuldaviðurkenninga frá þriðja aðila. Kröfur á aðra teljist óvenjulegur greiðslueyrir, sbr. dóm Hæstaréttar frá 5. febrúar 1987. Sé greiðsla skuldarinnar því riftanleg gagnvart Iðnaðarbanka Íslands hf. samkvæmt 1. tl. 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, enda hafi greiðslan ekki getað talist eðlileg eftir atvikum. Á sama hátt verði að telja, að huglægum skilyrðum 61. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 sé fullnægt gagnvart bankanum og Nesco-Kringlunni hf. Meðalganga Elínar G. Bieltvedt og/eða Nesco-Kringlunnar hf. við greiðslu skuldar Nesco-framleiðslufélags hf. við Iðnaðarbanka Íslands hf. hindri ekki beinan kröfurétt búsins á hendur bankanum, sbr. dóm Hæstaréttar frá 29. janúar 1987.

Hið stefnda félag hafi mótmælt riftuninni. Verði ekki komist hjá því að benda á nokkrar rangfærslur og þversagnir í því bréfi. Í bréfinu segi: „Þegar NESCO MANUFACTURING HF. í október 1987 getur ekki staðið við greiðsluskuldbindingar sínar vegna hlutafjárkaupanna, ganga kaup þessi raunverulega til baka.“ Þessi fullyrðing sé í andstöðu við efni reikningsskila, dagsettra 16. nóvember 1987, sem undirrituð séu af sama aðila. Engin kaup hafi gengið til baka, heldur hafi hlutabréf Nesco-framleiðslufélags hf. í Nesco-Kringlunni hf. verið seld. Þá skuli bent á, að samkvæmt nefndum reikningsskilum liggi fyrir yfirlýsing stjórnar og stofnanda Nesco-Kringlunnar hf. um, að Nesco-framleiðslufélag hf. hafi greitt hlutafé að fullu í peningum.

„NESCO-KRINGLAN HF. notaði nýtt söluandvirði hlutfjárins til að gera upp vanskil NESCO MANUFACTURING HF. og ábyrgðarskuldbindingu sjálfs sín, eins og eðlilegt má teljast.“ Þessi fullyrðing sé meðal annars í andstöðu við efni annarra dómskjala. Samkvæmt fram lögðu dómskjali hafi það verið Elín, en ekki Nesco-Kringlan hf., sem annast hafi uppgjörið.

„Af ofangreindu ætti að vera ljóst, að bú NESCO MANUFACTURING HF. varðar ekkert um endursölu stjórnar NESCO-KRINGLUNNAR HF. á umræddu hlutafé né heldur það, hvernig stjórnin ráðstafaði söluandvirðinu. Í rauninni má NESCO MANUFACTURING HF. þó vera stjórn NESCO-KRINGLUNNAR HF. þakklátt fyrir það, að tekist skuli hafa að selja hlutaféð, sem NESCO MANUFACTURING HF. hafði skuldbundið sig til að kaupa, á fullu nafnverði og að nýtt söluandvirði skuli hafa verið notað til að hreinsa út viðkomandi greiðsluskuldbindingar NESCO MANUFACTURING HF., jafnilla og vanefndir NESCO MANUFACTURING HF. komu sér fyrir NESCO-KRINGLUNA HF. Auk þess hótaði Iðnaðarbanki Íslands að fara með viðkomandi vanskilafjárskuldbindingu NESCO MANUFACTURING HF. beint í gjaldþrotaskiptaréttinn í október 1987, en slíkt hefði leitt til mun meira tjóns fyrir félagið og lánardrottna þess en þó varð. Gat stjórn NESCO-KRINGLUNNAR HF. komið í veg fyrir þetta með aðgerðum sínum.“

Tilvitnuð ummæli sýni afstöðu stjórnarformannsins til réttinda lánardrottna félaganna. Sagt sé, að ráðstöfunin á hlutafénu í Nesco-Kringlunni hf. hafi komið þrotabúinu að gagni, þegar sannleikurinn sé sá, að í stað eignarhluta í Nesco-Kringlunni hf., sem ætti að vera í þrotabúinu til hagsbóta fyrir kröfuhafa þess, hefur engin eign komið. Það breyti engu fyrir kröfuhafana, hvort skuld Iðnaðarbanka Íslands hf. sé í kröfuskrá eða ekki, meðan eignir séu ekki í búinu til skipta.

Umboð skiptastjóra til málhöfðunar sé reist á 1. tölulið 91. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 112. gr. sömu laga, og á skiptafundi í þrotabúinu 29. apríl 1988 hafi jafnframt verið samþykkt heimild til skiptastjóra til málhöfðunarinnar. Málskostnaðarkrafan styðjist við 177. gr. laga nr. 85/1936 og 21. gr. laga nr. 54/1988.

— — —

6.0.

Stefndi Iðnaðarbanki Íslands hf. kveður málavexti vera þá, að 10. ágúst 1987 hafi Iðnaðarbanki Íslands hf., útibúið í Garðabæ, keypt af meðstefnda, Nesco-Kringlunni hf., skuldabréf, að fjárhæð 2.600.000,00 kr., út gefið 1. júlí 1987, af stefnanda, Nesco-framleiðslufélagi hf. Bréfið hafi jafnframt verið framselt bankanum með sjálfskuldarábyrgð Nesco-Kringlunnar hf.

Fyrsti gjalddagi skuldabréfsins hafi verið 1. október 1987, og hafi bréfið þá þegar lent í vanskilum. Hafi bankinn þá krafist seljanda þess og ábyrgðaraðila, Nesco-Kringluna hf., um greiðslu skuldarinnar, og hafi verið orðið við þeirri kröfu. Uppgjör skuldarinnar hafi farið þannig fram af hálfu meðstefnda, Nesco-Kringlunnar hf., að stefndi Iðnaðarbanki Íslands hf. hafi keypt tvö veðskuldabréf, hvort að fjárhæð 800.000,00 kr., sem út gefin hafi verið til hans, annað 29. október 1987 af Hermanni Auðunssyni og hitt 28. október 1987 af Láru Guðmundsdóttur. Jafnframt hafi bankinn keypt skuldabréf, 1.683.208,30 kr., sem út gefið hafi verið af Elínu G. Bieltvedt til Nesco-Kringlunnar hf. Andvirði framangreindra þriggja skuldabréfa, samtals 3.247.860,70 kr., hafi verið lagt inn á reikning Nesco-Kringlunnar hf. við bankann, nr. 566, og reikningurinn síðan skuldfærður til innlausnar áðurgreinds skuldabréfs, upphaflega 2.600.000,00 kr., með fjárhæð 2.840.600,30 kr., 30. október 1987. Með bréfi, dagsettu 18. júlí 1988, hafi stefnandi lýst yfir riftun á greiðslu skuldarinnar. Með bréfi, dagsettu 20. september 1988, hafi stefndi Iðnaðarbanki Íslands hf. andmælt riftuninni.

7.0.

Málsástæður og lagarök stefnda Iðnaðarbanka Íslands hf. eru einkum þau, að við vanskil framangreinds skuldabréfs, út gefins af Nesco-framleiðslufélagi hf., hafi stefndi Iðnaðarbanki Íslands hf. eignast beina kröfu á hendur meðstefnda, Nesco-Kringlunni hf., á grundvelli ábyrgðarframsals þess, er að framan geti. Þessa ábyrgðarkröfu hafi Nesco-Kringlan hf. greitt með áðurgreindri skuldfærslu, eftir að bankinn hafi keypt áðurgreind þrjú skuldabréf.

Sýknukrafa stefnda Iðnaðarbanka Íslands hf. sé reist á aðildarskorti, sbr. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Stefndi Iðnaðarbankinn hf. hafi aldrei verið aðili að lögskiptum meðstefnda, Nesco-Kringlunnar hf., og eigenda þessa fyrirtækis annars vegar og stefnanda, Nesco-framleiðslufélags hf., hins vegar.

Þeirri málsástæðu stefnanda, að stefnda Iðnaðarbanka Íslands hf. hafi verið kunnugt um yfirvofandi gjaldþrot Nesco-framleiðslufélags hf., sé mótmælt sem ósannaðri. Jafnframt sé það áréttað, að greiðslan hafi verið innt af hendi af öðrum en Nesco-framleiðslufélagi hf. Þau skuldabréf, sem til þess hafi verið notuð, hafi ekki bundið stefnanda á neinn hátt gagnvart Iðnaðarbanka Íslands hf. Því sé það fráleitt að halda því fram, eins og stefnandi geri, að hér sé um óeðlilegan greiðslueyri að ræða úr hendi Nesco-framleiðslufélags hf., og sé í því sambandi vísað til riftunarheimilda í 54. gr. laga nr. 6/1978. Greiðslan hafi verið innt af hendi af meðstefnda, Nesco-Kringlunni hf., en ekki stefnanda. Af sömu ástæðum sé einnig mótmælt þeim lagarökum stefnanda, að riftunarregla 61. gr. gjaldþrotalaga

nr. 6/1978, sbr. 62. og 63. gr., geti átt við framangreint uppgjör með stefnda, Nesco-Kringlunnar hf., á áðurgreindri skuld við bankann.

Varðandi málskostnaðarkröfuna vísist til XII. kafla laga nr. 85/1936, samanber III. kafla laga nr. 25/1987.

8.0.

Svo sem áður hefur verið rakið, mun fyrirtækið Nesco-Kringlan hf. hafa verið stofnað 30. júní 1987. Hlutfé félagsins mun hafa verið ákveðið 4.000.000,00 kr., og mun Nesco-framleiðslufélag hf. hafa skráð sig fyrir hlutfé, að fjárhæð 3.600.000,00 kr. Viðurkennt er af stefnda Nesco-Kringlunni hf., að hlutfjárloforð sitt hafi Nesco-framleiðslufélag hf. greitt, svo sem fram kemur í fram lögðum reikingskilum milli Nesco-Kringlunnar hf. og Nesco-framleiðslufélags hf., dagsettum 30. október 1987. Þar sem Nesco-framleiðslufélagi hf. hafi ekki tekist að standa við greiðslu viðskiptabréfa, sem tilgreind séu í greindum reikningsskilum, og vegna peningagreiðslna, sem Nesco-framleiðslufélag hf. hafi fengið frá Nesco-Kringlunni hf., hafi skuld hins fyrrnefnda við hinn síðarnefnda numið 30. október 1987 3.283.208,00 krónum. Þá er viðurkennt af stefnda Nesco-Kringlunni hf., að árið 1987 hafi Elín G. Bieltvedt keypt hlutabréf Nesco-framleiðslufélags hf. í Nesco-Kringlunni hf. og Nesco-Laugavegi hf., samtals að nafnverði 7.000.000 kr., og hafi hún greitt hlutabréf þessi að hluta með þremur skuldabréfum, einu að fjárhæð 1.683.208,00 kr. og tveimur, hvoru um sig að fjárhæð 800.000,00 krónum.

Greind skuldabréf keypti Iðnaðarbanki Íslands hf., og gekk hluti andvirðis þeirra, 2.840.000,00 kr., til greiðslu á skuld Nesco-framleiðslufélags hf. við bankann, en skuld þessi var vegna vanefnda á skuldabréfi, sem Nesco-framleiðslufélag hf. hafði gefið út til greiðslu á hlutfjárloforði sínu. Fyrrgreint skuldabréf hafði verið selt Iðnaðarbanka Íslands hf. með sjálf-skuldarábyrgð Nesco-Kringlunnar hf.

Ekki fer því milli mála, að eitt meginmarkmið framangreindra gerninga hefur m. a. verið greiðsla skuldar þrotabús Nesco-framleiðslufélags hf. við Nesco-Kringluna hf. Verður því ekki fram hjá því horft, að hlutabréf í eigu þrotabúsins hafi horfið úr búinu til greiðslu á tilteknum skuldum þess við Nesco-Kringluna hf. Breytir hér engu um, að þrotabúið hafi ekki getað staðið skil á greiðslum vegna hlutfjárloforða til Nesco-Kringlunnar hf., þar sem vanefndir á þeim greiðslum svipti þrotabúið ekki eignarrétti á umræddum hlutabréfum. Í því sambandi má benda á, að í tilkynningum til Hlutfélagaskrár, dagsettum 7. og 21. júlí 1987, er tekið fram, að allt hlutféð sé greitt í peningum.

Verður því næst að líta til þess, hvort greiðsla þessi hafi verið riftanleg á grundvelli 1. tl. 54. gr. og 61. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sbr. 62.

og 63. gr. sömu laga, svo sem stefnandi heldur fram, en í stefnu segir m. a.: „Á því er byggt, að báðum stefndu hafi verið kunnugt um yfirvofandi gjaldþrot Nesco-framleiðslufélags hf., þegar greiðsla þess á skuldinni við Iðnaðarbankann hf. fór fram. Skuldin var greidd með skuldabréfum á hendur öðrum aðilum, og telst það óvenjulegur greiðslueyrir úr hendi Nesco-framleiðslufélags hf., sbr. 54. gr. 1. nr. 6/1978”, og einnig: „Krafan á hendur Nesco-Kringlunni hf. er reist á því, að það félag losnaði úr sjálf-skuldarábyrgð gagnvart bankanum við greiðslu Nesco-framleiðslufélags hf. til bankans.“

Úrlausnarefnið snýr þess vegna að því, hvort greiðsla umrædds skuldabréfs með andvirði hlutabréfa búans geri kleifa riftun greiðslunnar samkvæmt 1. tl. 54. gr. og 61. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, þ. e. a. s., hvort slík riftun sé möguleg, vegna þess að skuldabréf hins gjaldþrota félags við Iðnaðarbanka Íslands hf. hafi verið greitt með andvirði þriggja skuldabréfa, sem verið höfðu endurgjald fyrir hlutabréf þau, er áður voru eign félagsins.

Samkvæmt 1. tl. 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 er heimiluð riftun á greiðslu skuldar á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag, m. a., ef greitt er með óvenjulegum greiðslueyri, nema greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum. Er regla þessi hlutlæg riftunarregla. Ljóst er, að um er að ræða greiðslu skuldar, sem var til komin, áður en sala á umræddum hlutabréfum til Elínar G. Bieltvedt fór fram. Krafa Iðnaðarbanka Íslands hf. á hendur Nesco-framleiðslufélagi hf., sem Nesco-Kringlan hf. greiddi, var efnislega peningakrafa. Greiðsla kröfunnar fór nánar fram með þeim hætti, að bankinn keypti umrædd þrjú skuldabréf 28. og 29. október 1987 og lagði andvirði þeirra, 3.247.860,70 kr., inn á reikning Nesco-Kringlunnar hf. við bankann, nr. 566, en síðan, 30. október 1987, var reikningurinn skuldfærður til innlausnar áðurgreinds skuldabréfs með 2.840.000,00 krónum. Því má segja, að greiðslan hafi farið fram í peningum, en ekki með skuldabréfum. Ekki var því beinlínis um að ræða greiðslu á umræddri kröfu Iðnaðarbanka Íslands hf. með skuldabréfum á hendur öðrum aðilum, þótt játa verði, að andvirði bréfanna, eftir að það hafði verið lagt inn á reikning félagsins, hafi verið notað til greiðslu hennar. Greiðsla skuldarinnar af reikningi, ef litið er á hana eina sér, þ. e. án tillits til uppruna hennar, verður því ekki í þessu sambandi eftir atvikum talin greiðsla með óvenjulegum greiðslueyri.

Deilt er m. a. um það í málinu, hvort greiðsla á skuld Nesco-framleiðslufélags hf. við Iðnaðarbanka Íslands hf., að fjárhæð 2.840.000 kr., þ. e. uppgreiðsla á skuldabréfi hins gjaldþrota félags, hafi verið greiðsla á kröfu þess með fjármunum, sem úr búinu hafi komið, eins og stefnandi heldur fram, eða að eingöngu hafi verið um að ræða greiðslu vegna sjálfskuldar-

ábyrgðar Nesco-Kringlunnar hf. á því sama skuldabréfi, eins og stefndi Iðnaðarbanki Íslands hf. staðhæfir. Stefndi Iðnaðarbanki Íslands hf. heldur því fram, að Nesco-Kringlan hf. hafi greitt umrætt skuldabréf, vegna þess að félagið var krafðið um greiðslu vegna ábyrgðarframsals félagsins, en Iðnaðarbankinn átti vegna ábyrgðarinnar beina kröfu á félagið um greiðslu skuldarinnar.

Það er skoðun dómsins, að stefndi Iðnaðarbanki Íslands hf. hafi getað skoðað greiðslu meðstefnda, Nesco-Kringlunnar hf., sem greiðslu vegna sjálfskuldarábyrgðar þess félags. Vegna vanskila aðalskuldara bréfsins verði að telja eðlilegt, að bankinn krefðist greiðslu ábyrgðarskuldarinnar, enda keypti bankinn bréfið upphaflega af Nesco-Kringlunni hf. með ábyrgðarframsali, en ekki Nesco-framleiðslufélagi hf. Sé því vafasamt að fullyrða um sérstakan hag bankans af greiðslu þessari. Sé litið til þess, almennra viðskiptabréfasjónarmiða og framangreinds greiðsluháttar á greiðslu skuldar hins gjaldþrota félags, verður eftir atvikum að telja, að riftunarskilyrðum 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 sé ekki til að dreifa.

Þar sem Iðnaðarbanki Íslands hf. gat skoðað greiðslu meðstefnda, Nesco-Kringlunnar hf., sem greiðslu vegna sjálfskuldarábyrgðar þess félags og sé litið til áður reifaðra sjónarmiða, telur dómurinn einnig, að um riftunarskilyrði 61. gr. gjaldþrotalaga sé ekki að ræða gagnvart bankanum, enda verði þessi ráðstöfun ekki talin ótilhlýðileg frá hans hendi.

Með tilvísun til þessa verður þegar af þeim ástæðum, sem greindar hafa verið, ekki fallist á heimild stefnanda til riftunar umræddrar skuldar til Iðnaðarbanka Íslands.

Skal því næst vikið að endurgreiðslukröfu stefnanda.

9.0.

Með skírskotun til þess, að ekki verður fallist á, að rift verði með dómi greiðslu skuldar Nesco-framleiðslufélags hf. með sjálfskuldarábyrgð Nesco-Kringlunnar hf. til Iðnaðarbanka Íslands hf., svo sem fyrsta stefnukrafa málsins hljóðar á, verður ekki fallist á, að Iðnaðarbanki Íslands hf. endurgreiði stefnanda þá fjárhæð, sem tiltekin er í næstu stefnukröfu, þ. e. 2.840.600,00 kr. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, ber því að sýkna stefnda Iðnaðarbanka Íslands hf. af þessari endurgreiðslukröfu stefnanda.

Á hinn bóginn þykir mega taka til greina endurgreiðslukröfu stefnanda gagnvart Nesco-Kringlunni hf., og vísast í því efni til niðurstöðu dóms bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 20634/1988: Protabú Nesco-framleiðslufélags hf. gegn Elínu Guðmundsdóttur Bieltvedt og Nesco-Kringlunni hf., sem upp var kveðinn 8. mars 1989. Í niðurstöðu þess dóms var fallist á riftun skuldar Nesco-framleiðslufélags hf. til stefnda Nesco-Kringlunnar

hf., að fjárhæð 3.283.208,00 kr., samkvæmt reikningsskilum aðila, dagsettum 30. október 1987, en greiðslan fór fram með yfirtöku stefndu Elínar á skuldinni. Þar sem með dómi þessum var rift greiðsla skuldar, sem m. a. var einnig greidd með þeim sömu skuldabréfum og Iðnaðarbanki Íslands hf. keypti samkvæmt gögnum þessa máls, þykir mega fallast á, að stefnandi eigi endurgreiðslukröfu á hendur stefnda Nesco-Kringlunni hf. Í því sambandi þykir ekki nauðsynlegt, að Elín Guðmundsdóttir Bieltvedt sé aðili að máli því, er hér er dæmt.

Rétt er því að víkja að þeirri varakröfu stefnda Nesco-Kringlunnar hf., að viðurkenndur verði með dómi réttur hans til að afhenda stefnanda hlutabréf í Nesco-Kringlunni hf., að fjárhæð 2.840.600,00 kr., gegn greiðslu sömu fjárhæðar auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 30. október 1987 til greiðsludags. Með stoð í 64. gr. gjaldþrotalaga er báðum mál aðilum heimilt að krefjast þess, að greiðslum skuli skila í þeim mæli, sem þær eru ennþá til, enda verði það gert án óhæfilegrar rýrnunar verðmæta, en verðrýrnun þeirra verði þá jöfnuð með peningagreiðslum.

Niðurstaða dóms þessa um riftun liggur ekki fyrir fyrr en löngu eftir, að ráðstöfun var gerð. Ekki hefur verið lagt fram neitt greiðslutilboð af hálfu stefnda vegna mögulegrar verðmætisrýrnunar umræddra hlutabréfa. Mat á verðmætisrýrnun gæti verið mjög umdeilanlegt, og engin gögn hafa verið lögð fram af aðilum um það, hvort um verðmætisrýrnun sé að ræða eða hver hún hafi getað verið frá umræddri ráðstöfun til þessa dags. Í dómnum verða að vera forsendur til að meta bréfin. Í þessu tilviki verður að telja gögn um þetta atriði forsendu þess, að ákvæðinu verði beitt. Verður því ekki fallist á þessa varakröfu stefnda.

Stefnandi reisir endurgreiðslukröfu sína m. a. á 62. gr. gjaldþrotalaga. Samkvæmt 1. málslíð þess ákvæðis ber þeim, sem hag hafði af ráðstöfun eða réttargerð, að greiða búinu fé, sem svarar til þess, er greiðsla búsins hefur orðið honum að notum, þó ekki hærri fjárhæð en tjóni búsins nemur. Markmið ákvæðisins er að gera riftunarþola eins settan og hin riftanlega ráðstöfun hefði aldrei farið fram. Svo sem rakið er í áðurgreindum dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 8. mars 1989 í málinu nr. 20634/1988: Þrotabú Nesco-framleiðslufélags hf. gegn Elínu Guðmundsdóttur Bieltvedt og Nesco-Kringlunni hf., verður að telja rétt, að stefndi Nesco-Kringlan hf. sem viðtakandi greiðslunnar greiði búinu fé, sem svari til verðmætis greiðslu á þeim degi, er ráðstöfun var gerð, auk vaxta, enda verður að telja, að tjón búsins nemi þeirri sömu fjárhæð. Telur dómurinn, að verð það, sem notað var af aðilum í viðskiptum þeirra, sé tjónsverðið, enda var um að ræða samninga um verðmæti hlutabréfanna á þessum tíma. Með því að endurgreiðslukrafa stefnanda samkvæmt 62. gr. laganna er þannig að

fullu tekin til greina gagnvart stefnda Nesco-Kringlunni hf., kemur endurgreiðslukrafa hans samkvæmt 63. gr. laganna ekki til álita.

Fallast verður á það með stefnanda, að krafan beri vexti frá dagsetningu greindra reikningsskila. Enn fremur verður að fallast á vaxtahæð, enda hafa stefndu ekki mótmælt vaxtakröfu stefnanda sérstaklega.

Samkvæmt úrslitum málsins og með tilvísun til 178. gr. laga nr. 85/1936 þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu.

Lögmaður stefnanda var Gestur Jónsson hrl., lögmaður stefnda Nesco-Kringlunnar hf. var Helgi V. Jónsson hrl. og lögmaður stefnda Iðnaðarbanka Íslands hf. var Steingrímur Eiríksson hdl.

Dóminn kvað upp Jón L. Arnalds borgardómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi Nesco-Kringlan hf. greiði stefnanda, þrotabúi Nesco-framleiðslufélags hf., 2.840.600,00 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Áfallnir vextir bætist við höfuðstól skuldar á tólf mánaða fresti í samræmi við 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, í fyrsta sinn 30. október 1988.

Stefndi Iðnaðarbanki Íslands hf. skal vera sýkn af kröfum stefnanda, þrotabúi Nesco-framleiðslufélags hf., í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.